
SJÁLFSMATSSKÝRSLA VARMAHLÍÐARSKÓLA

júní 2022



Lára Gunndís Magnúsdóttir tók saman

Efnisyfirlit

Meginniðurstöður	2
Inngangur	4
Um Varmahlíðarskóla	5
Markmið skólastarfs	7
Nemendur	7
Starfsmenn	8
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats	9
Sjálfsmat starfsfólks veturinn 2021-2022	11
Mat á gæðagreiini 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar	12
Mat á gæðagreiini 3.2 Betri árangur og aukin frammistaða	13
Mat á gæðagreiini 3.3 Sköpun og starfshæfni	14
Mat á gæðagreiini 2.7 Samstarf	14
Mat á gæðagreiini 2.3. Nám og kennsla	15
Mat á gæðagreiini Upplýsinga- og tæknimál	16
Mat á gæðagreiini Olweusargæðagreinir	17
Sjálfsmat nemendur veturinn 20201-2022	18
Umbótaáætlanir skólaársins 2021-2022 - starfsfólk	19
3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar	19
3.2 Betri árangur og aukin frammistaða	20
3.3 Sköpun og starfshæfni	20
2.7 Samstarf	21
2.3 Nam og kennsla	22
Upplýsinga- og tæknimál	22
Olweusargæðagreinir	23
Umbótaáætlanir skólaársins 2021-2022 - nemendur	23
Nemendamat	23
Skólapúlsinn	24
Skólapúlsinn nemendakönnun	26
Skólapúlsinn foreldrar	28
Árleg skimun starfsfólks – niðurstöður	32
Áætlun um sjálfsmat 2022-2024	34
Ytra mat	35
Viðauki 1: Einkunnaskali	37

Meginniðurstöður

Í upphafi skólaárs var sjálfsmatsteymi skipað og unnið var skipulag um vinnu vetrarins. Teymið er skipað fimm starfsmönnum sem yfirfara gæðagreina fyrir mat og bera ábyrgð á að matið fari fram.

Í sjálfsmati starfsmanna voru metnir sjö matsþættir í vetur á fjórum matsfundum starfsfólks. Einn sjálfsmatsfundur nemenda var á skólaárinu þar sem gæðagreinir nemendamats var lagður fyrir.

Árlegar viðhorfakannanir voru lagðar fyrir í vefkerfi Skólapúlsins. Vefkerfið heldur utan um nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir sem lagðar eru fyrir í skólanum. Þetta árið voru kannanir lagðar fyrir nemendur og foreldra. Heildarsamantekt skólaársins má skoða í þessari skýrslu.

Árleg skimun var lögð fyrir starfsfólk að venju og svöruðu 27 starfsmenn henni.

Þriggja ára áætlun um mat er sett fram í lok skýrslunnar. Sú áætlun byggir á gæðaviðmiðum úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg.

Yfirlit matsþátta og einkunnagjöf

Matsfundur 9.11.2021	Einkunnagjöf
3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar	4-5,4,5,5,4,4,
3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur	5,4,4-5,

Matsfundur 15.02.2022	Einkunnagjöf
2.7 Samstarf	5,5,5,4,5,5,
3.3 Sköpun og starfshæfni	5,4,4,3,5,5

Matsfundur 15.03.2022	Einkunnagjöf
2.3 Nám og kennsla	4,4,4-5,4,

Matsfundur 12.05.2022	Einkunnagjöf
Olweusar gæðagreinir	4, 5, 5, 4-5, 5, 4,
Upplýsinga og tæknimál	5, 5, 5,

Nemendamat

Matsfundur 13.12.2021	Einkunnagjöf
Nemendamat	3,3,4,4,4,4,5,5,5,5,

Til skýringa á matsniðurstöðum má skoða gildi hvernar einkunnar skv. einkunnaskala sjálfsmatsskerfisins sem sjá má í viðauka 2.

Einkunnaskali skv. sjálfsmatsaðferðinni <i>Hveru góður er grunnskólinn okkar?</i>
Einkunn 6 - <i>framúrskarandi</i>
Einkunn 5 - <i>mjög gott</i>
Einkunn 4 – <i>gott</i>
Einkunn 3 – <i>fullnægjandi</i>
Einkunn 2 – <i>slakt</i>
Einkunn 1 – <i>ófullnægjandi</i>

Inngangur

Öllum grunnskólum ber samkvæmt 35. og 36. grein í lögum um grunnskóla að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Sjá eftirfarandi slóð: <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=d43fd486-c36f-43b3-be74-8ed4e265dd93>

Í sjálfsmatinu felst gagnaöflun um skólastarfið. Árangur skólans í einstökum þáttum er metinn þar sem markmið skólans eru lögð til grundvallar sem viðmið. Í matinu koma fram sterkir og veikir þættir skólastarfsins. Leitað er leiða til að viðhalda sterku þáttunum og efla þá enn frekar. Til að styrkja veika þætti í matinu er sett fram þróunaráætlun sem felur í sér umbætur á viðkomandi þætti í skólastarfinu. Þannig stuðlar sjálfsmatið að umbótum í skólastarfinu. Tilgangur þess er fyrst og fremst sá að gera góðan skóla betri. Í sjálfsmati skóla felst í senn leið til að miðla þekkingu á skólastarfinu og þróa vöxt þess.

Varmahlíðarskóli hefur notað skoskt sjálfsmatskerfi, *How good is our school?* allt frá haustinu 2002. Skólaskrifstofa Skagfirðinga þýddi efnið *How good is our school?* árið 1999 og var það nefnt Gæðagreinar í íslenskri þýðingu.

Árið 2010 var þriðja útgáfa af gæðagreininum þýdd og nefnist hún *Gæðagreinar 2*. Gæðagreinarir hafa frá upphafi verið aðgengilegir öllu skólafólki, m.a. á vef fræðsluþjónustu Skagafjarðar. Skotarnir uppfærðu sjálfsmatsefnið enn á ný og gáfu út í september 2015, *How good is our school*, 4. útgáfa. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar vann að þýðingu á nýju útgáfunni á skólaárinu 2016 og á vormisseri var íslenska þýðingin *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* gefin út. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á sjálfsmatskerfinu með nýju útgáfunni, lykilþáttum og gæðagreinum hefur verið fækkað til muna og gert ráð fyrir aukinni fjölbreytni varðandi matsferlið. Jafnframt er lögð áhersla á að skólar aðlagi matskerfið enn frekar að sérstöðu hvers skóla og bæti við gæðaviðmiðum um skólastarf við þau gæðaviðmið sem sett eru fram í hverjum lykilþætti. Kjarni sjálfsmatsaðferðarinnar er þó enn hinn sami, en nýjungarnar eru til þess fallnar að hægt verði að efla gæði umbótamiðaðs innra mats þar sem stefnan er sett á framúrskarandi gæði skólastarfs. Sem fyrr snýst kjarni sjálfsmatsins um áhrif skólastarfs á nemendur.

Sjálfsmatsteymi var sett á laggirnar í upphafi skólaárs. Í því eiga sæti aðstoðarskólastjóri, fulltrúar kennara og fulltrúi starfsmanna. Hlutverk þess er að fylgja eftir matsáætlun skólans, rýna í matsþætti og hafa umsjón með eftirfylgni þróunaráætlana. Í sjálfsmatsteymi veturinn 2021-2022 sátu Helga Þorbjörg Hjálmarsdóttir stuðningsfulltrúi, Lára Gunndís Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri, Ólafur Atli Sindrason kennari, Sigfríður Jódís Halldórsdóttir kennari og Þyreyl Hlífarsdóttir kennari.

Aðstoðarskólastjóri sá um fyrirlögn, úrvinnslu og árlega sjálfsmatsskýrslugerð. Á skólaárinu var unnið samkvæmt þriggja ára áætlun um innra mat skólans með sjálfsmatsaðferðum skólans, *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* Matsniðurstöður og leiðir til umbóta í þeim þáttum sem lagðir voru fyrir eru birtar í þessari skýrslu.

Allt starfsfólk kom að sjálfsmati skólans.

Um Varmahlíðarskóla

Varmahlíðarskóli er í Varmahlíð í Skagafjarðarsýslu og er rekinn af Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Upptökusvæði skólans er í stuttu máli Varmahlíð og dreifbýli í framanverðum Skagafirði en auk þess koma nokkrir nemendur skólans frá öðrum svæðum. Allir nemendur utan göngufæris við skólann eru í daglegum skólaakstri. Í lok skólaársins voru nemendur skólans 107. Heildarfjöldi starfsmanna var 35, ýmist í hluta- eða fullu starfi. Að auki voru tveir starfsmenn ráðnir í afleysingar tímabundið. Í starfsáætlun skólans og ársskýrslu má sjá fjölda nemenda eftir árgöngum svo og upplýsingar um starfsmenn og stöðugildi.

Virðing, metnaður og vellíðan eru leiðarljósir í skólastarfi Varmahlíðarskóla. Við höfum þá trú að með því að rækta virðingu, gleði, vináttu, heilbrigði og ábyrgð í skólastarfi leggjum við grunn að því að nemendur öðlist sjálfstraust til að takast á við nám sitt af metnaði og alúð og séu vel undir framtíðina búnir. Við leggjum ríka áherslu á velferð allra nemenda í leik og starfi.

Skólastarf hefst kl. 8:15 á morgnana. Akstursleiðir skólaaksturs eru fimm. Nokkuð breytilegt er milli vikudaga hversu langur skóladagurinn er. Í skólanum er rekið mötuneyti og þar fá allir nemendur og þeir starfsmenn sem þess óska, morgun- og hádegisverð daglega og miðdegisdrykk á fimmtudögum.

Á fimmtudögum eru tækifæri til félagsstarfa aðra hverja viku fyrir eldri nemendur og er nemendum ekið heim að þeim loknum. Einnig gefst eldri nemendum kostur á félagsstarfi á vegum Félagsmiðstöðvarinnar Friðar, utan Varmahlíðar. Diskótek eru haldin á fjögurra til sex vikna fresti fyrir eldri nemendur á vegum skólans. Haldnar eru tvær bekkjarskemmtanir fyrir hvern bekk á hverju skólaári í umsjón umsjónarkennara. Félagsstörf yngri nemenda hafa verið í höndum umsjónarkennara.

Foreldrafélag starfar við skólann og hefur það komið að starfi skólans með ýmsum hætti. Bekkjarfulltrúar foreldra voru skipaðir á aðalfundi í haust.

Tónlistarskóli Skagafjarðar hefur um árabíl haft aðsetur í Varmahlíðarskóla. Nemendur skólans eiga kost á að sækja tónlistarkennslu á skólatíma. Í vetur sóttu tæplega 50 nemendur Varmahlíðarskóla tónlistarnám sitt á skólatíma. Er það talið auka gæði náms, fjölbreytileika í skólastarfi og telst til forréttinda að nemendur í dreifbýli eigi kost á að sækja tónlistarnám á skólatíma. Mikil og farsæl samvinna er á milli Varmahlíðarskóla og Tónlistarskóla Skagafjarðar.

Skólahúsnæði Varmahlíðarskóla er staðsett við Birkimel og fer þar fram öll starfsemi skólans. Allir bekkir eiga sína heimastofu en þær eru misstórar. Matsalur er tvísetinn þar sem hann rúmar ekki nemendafjöldann. Tölvuver er með 16 nettengdum tölvum. Smíðar, heimilisfræði, málmsmíði textílmennt og myndmennt eiga sínar sérgreinastofur. Það sem upp á vantar er sérstök aðstaða fyrir kennslu í náttúruvísindum. Aðstaða til íþróttar- og sundiðkunar er góð. Sundlaugin er nýtt til sundkennslu allt skólaárið fyrir alla nemendur skólans.

Nemendum í 8., 9. og 10. bekk er boðið upp á valáfanga sem hluta af námi. Nemendum í 10. bekk bauðst valáfangi UTN 103, í samvinnu við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki og nýttu 8 af 9 nemendum bekkjarins sér það.

Markmið skólastarfs

Í lögum um grunnskóla frá 2008 segir að markmið grunnskóla, í samvinnu við heimilin, sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sifeldri þróun. Grunnskólinn á að leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Skólinn skal stuðla að góðu samstarfi við heimilin með það að leiðarljósi að tryggja farsælt skólastarf. Starfshættir skólans eiga að mótast af umburðarlyndi, kærleika, kristilegri arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.

Hlutverk grunnskólans er að veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar, auka leikni og stuðla að áframhaldandi menntun og þroska hvers og eins. Skólinn stuðlar að sjálfstæðri hugsun og þjálfar nemendur í samvinnu. Varmahlíðarskóli starfar eftir hugmyndafræðinni **skóli án aðgreiningar**. Skólustefna Varmahlíðarskóla byggir á ofangreindum markmiðum auk Menntastefnu Skagafjarðar.

Sex grunnþættir menntunar eru lagðir til grundvallar í Aðalnámskrá frá árinu 2011.

Þeir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir eru leiðarljós í starfi skólans. Náms, kennsla, samskipti og skólabragur mótast af þessum þáttum og þeir fléttast inn í daglegt starf.

Nemendur

Þetta skólaár voru nemendur alls 107 að vori.

Bekkjarhópum var skipt í teymi með sameiginlegum umsjónarkennurum þar sem 1.-4. bekkur voru saman í teymi og kennt í tveimur námshópum. 5.-7. bekkur mynduðu eitt teymi og 8. -10. bekkur voru eitt teymi.

Skipting í bekki var eins og hér segir:

Bekkur	alls	Umsjónarkennarar
1.bekkur	10	Hrund Malín Þorgeirsdóttir og Sara Gísladóttir
2.bekkur	10	
3.bekkur	9	Birgitta Sveinsdóttir og Hafdís Guðlaug Skúladóttir
4.bekkur	13	
5.bekkur	10	Helga Sigurðardóttir, Sigrún Benediktsdóttir og Þyrey Hlífarsdóttir
6.bekkur	13	
7.bekkur	9	
8.bekkur	12	Íris Olga Lúðvíksdóttir, Ólafur Atli Sindrason og Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir
9.bekkur	12	
10.bekkur	9	
Samtals:	107	

Starfsmenn

Starfsmenn skólans voru 36 á skólaárinu. Stjórnendur voru tveir, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri sem jafnframt sinnti umsjón stoðþjónustu. Kennarar með réttindi voru 16 að meðtöldum stjórnendum og tveir leiðbeinendur í hlutastarfi við verkgreinakennslu. Stöðugildi til kennslu voru 12,3. Stuðningsfulltrúar voru þrír á haustönn en fjölgaði í fjóra frá áramótum í 3,4 stöðugildum. Skólaliðar og starfsmenn Frístundar voru fimm í 4,2 stöðugildum. Einn þroskaþjálfari var í 85% starfi, námsráðgjafi í 50% starfi, ritari í 50%,

bókavörður í 40% starfi og húsvörður í fullu starfi. Matráðar voru fjórir í 3,3 stöðugildum. En þeir elda fyrir leikskólann Birkilund.

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Varmahlíðarskóli hefur byggt sjálfsmat sitt á skoskri sjálfsmatsaðferð, ***How good is our school***. Aðferðin hefur verið endurskoðuð og uppfærð í gegnum árin. Þrisvar sinnum hafa uppfærslurnar verið þýddar yfir á íslensku árin 1999, 2010 og síðast vorið 2016. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddi nýjustu (fjórðu) útgáfu Skotanna af sjálfsmatskerfinu með tilstyrk frá Erasmus+, menntaáætlun Evrópusambandsins. Nefnist efnið nú í íslenskri þýðingu: ***Hversu góður er grunnskólinn okkar?***

Með sjálfsmatsefninu fylgir einkunnaskali sem notaður er (sjá viðauka 1). Í sjálfsmatskerfinu ***Hversu góður er grunnskólinn okkar?*** byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í þrjá lykilþætti sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

1. Forysta og stjórnun
2. Námskilyrði
3. Velgengni og árangur

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

1. Hvernig stöndum við okkur?
2. Hvernig vitum við það?
3. Hvað gerum við næst?

Einkunnagjöf er á bilinu 1-6. Sett eru fram viðmið um einkunnina 5 eða ***mjög gott***, sem merkir að styrkleikar einkenni ákveðið svið skólastarfsins. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það starf sem við kemur tilteknum

gæðagreini sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra. Sjá einkunnaskala í viðauka II.

Framkvæmd matsins:

Gerð er áætlun til þriggja ára um þá þætti í skólastarfinu sem leggja á fyrir til mats. Áætlunin tekur til þeirra þriggja lykilþátta sem sjálfsmatskerfið ***Hversu góður er grunnskólinn okkar?*** byggir á.

Starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Tvö matseyðublöð fylgja hverjum gæðagreini, annars vegar *dæmi um gæðaviðmið* og hins vegar *dæmi um gagnlegar spurningar* sem snúa að gæðagreininum. Ætlast er til þess að skólar meti ýmist gæðagreininn í heild sinni eða velji gæðaviðmið og/eða gagnlegar spurningar úr matseyðublöðunum til mats og umbóta. Jafnframt eru skólar hvattir til að bæta við gæðaviðmiðum sem snúa að sérstöðu skólans og aðlaga með þeim hætti sjálfsmatskerfið að skólastarfi á hverjum stað.

Hver matshópur ígrundar atriðin sem lögð eru fyrir til mats hverju sinni og gefa þeim einkunnir skv. einkunnaskalanum sem fylgir efninu, sjá viðauka II. Matsaðilar koma sér svo saman um eina heildareinkunn sem gefin er í lokin fyrir gæðagreininn sem liggur fyrir til mats. Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta í gæðagreininum séu dregnir fram, rökstuddir og skráðir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“ í þessu tilliti.

Þegar matsvinnunni er lokið er umbótaáætlun unnin á grunni niðurstaðna. Þar eru markmiðssettar umbótatillögur settar fram, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna.

Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum sjálfsmatskerfisins *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* í fjórum skrefum:

1. **Skilgreining lykilþátta**, undirþátta eða þema eftir því sem við á.

2. **Skilgreining viðmiða**, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einkunnaskali frá 1-6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða **framúrskarandi**. Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ekki er formlega unnt enn sem komið er hér á landi að kalla eftir slíkri endurgjöf utanaðkomandi aðila.
3. **Greining sterkra þátta í skólastarfi, svo og þátta sem þarfnast umbóta**, umsögn og einkunnagjöf.
4. **Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn**, eða að viðhalda henni. Stefnumótun í umbótaáætlun eftir því sem við á.
5. **Eftirfylgni umbóta**.

Sjálfsmat starfsfólks veturinn 2021-2022

Á skólaárinu voru gæðagreinar lagðir fyrir til mats skv. þriggja ára matsáætlun.

Í nóvember á fyrsta matsfundi voru lagðir fyrir starfsmenn gæðagreinar, 3.1 um Velferð, jafnrétti og skóla án aðgreiningar og 3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur. Á öðrum fundi allra starfsmanna var lagður fyrir 3.3 Sköpun og starfshæfni og 2.7 Samstarf. Í febrúar voru lagðir fyrir starfsmenn gæðagreinar 2.7 Samstarf og 3.3 Sköpun og starfshæfni. Í mars var gæðagreinirinn 2.3 Nám og kennsla lagður fyrir kennara og stuðningsfulltrúa. Þegar unnið er með gæðagreina er starfsmönnum skipt í 4 - 6 manna hópa.

Matsþættir úr sjálfsmatsefninu *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*

3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar

3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur
3.3 Sköpun og starfshæfni
2.7 Samstarf
2.3 Nám og kennsla
Upplýsinga- og tæknimál
Olweusargæðagreinir

Matsfundur 9.11.2021	Einkunnagjöf
3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar	4-5,4,5,5,4,4,
3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur	5,4,4-5,

Mat á gæðagreinini 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar

Gæðagreinirinn var metinn af sex, fjögurra til fimm manna hópum alls starfsfólks á starfsmannafundi 9. nóvember 2021.

Starfsmenn meta það sterkan þátt að þeir eru meðvitaðir um velferð, jafnrétti og skóla án aðgreiningar. Þeir telja að þeir hafi velferð nemenda að leiðarljósi og segja skólabraginn jákvæðan og góðan. Starfsmenn álykta að nemendur eigi rödd sem fái að hljóma í skólastarfinu. Einnig að vel sé komið til móts við þarfir nemenda. Starfsfólk metur það svo að það leggi sig fram um að hafa þarfir nemenda í fyrirrúmi og gæti hagsmuna þeirra.

Þeir þættir sem mætti bæta eru, að eiga mætti samræður við nemendur um jafnrétti og hvernig það birtist í skólastarfinu. Einnig telja starfsmenn að ræða þurfi hugtakið skóli án aðgreiningar við nemendur. Starfsmenn telja að hægt sé að formgera betur samtal við nemendur um þeirra sýn á skólastarfið. Í hópavinnu starfsmanna kom fram hugmynd um að Varmahlíðarskóli gæti tekið upp ákveðna uppeldisstefnu og þannig styrkt grunn að betri skólabrag og jákvæðari samskiptum. Starfsmenn geta þess að vinnu með

nemendum um jafnrétti og umburðarlyndi sé aldrei lokið. Fram kemur í matinu að nemendur mættu koma meira inn í umræðuna um nám sitt og námstilhögun.

Starfsmenn eru sammála um að góður skólabragur og samheldni séu mikilvægustu þættir skólastarfsins. Ef þessir þættir eru ekki í lagi, sé erfitt að vinna stóra sigra í öðru.

Mat á gæðagreiini 3.2 Betri árangur og aukin frammistaða

Gæðagreinirinn var metinn af sex, fjögurra til fimm manna hópum alls starfsfólks á starfsmannafundi 9. nóvember 2021

Helstu niðurstöður starfsfólks eru að teymisvinnan hafi bætt skólastarfið og efli nemendur í námi og félagsfærni. Einnig hafi snjalltækjanotkun bætt nám nemenda til muna, á þann hátt að styðja við nám og auka fjölbreytileika. Starfsfólki finnst það heilt yfir standa sig vel í þessum þætti. Þar er nefnt að lögð er mikil áhersla á læsi og nemendum sé mætt með mismunandi námsleiðum. Það er einnig talið til sterkra þátta að samvinna við atvinnulífið hér í umhverfinu er góð.

Starfsfólk telur að það sem megí bæta sé að nemendur hafi skoðun og geti ákvarðað um eigið nám en kennarar þurfi þó alltaf að taka af skarið og hafa lokaorðið. Fram kemur í matinu að auka þurfi talnalæsi. Einnig er nefnt að finna þurfi leiðir til að nemendur verði metnaðarfullri um nám sitt. Í mati starfsmanna kom fram að bæti mætti upplýsingaflæði innan skólans.

Matsfundur 15. febrúar 2022	Einkunnagjöf
3.3 Sköpun og starfshæfni	5,4,4,3,5,5
2.7 Samstarf	5,5,5,4,5,5,

Mat á gæðagreini 3.3 Sköpun og starfshæfni

Gæðagreinirinn var metinn af sex fjögurra til fimm manna hópum starfsmanna

Að mati starfsmanna eru sterku hliðarnar að nemendur geta sýnt sköpunarhæfni sína á fjölbreyttan máta. Tæknin og fjölbreyttir miðlar eru notaðir til að koma þekkingu frá okkur. List- og verkgreinakennarar eru almennt í góðu samstarfi við umsjónarkennara og annað starfsfólk og slíkt andrúmsloft skapar opið umhverfi fyrir nemendur til að sýna sköpunargáfu sína. Almennt eru starfsmenn mjög opnir fyrir að efla sköpunarhæfni. Gott skipulag er í kringum starfsþjálfun nemenda en það mætti vera lengra en tveir dagar. Allir nemendur fara í áhugasviðskönnun. Starfsmenn nefna líka að nemendur fái tækifæri til sköpunar á fjölbreyttan hátt s.s í gegnum vinnu við uppsetningu á árshátíðarsýningum.

Starfsfólk óskar eftir markvissari kynningu á möguleikum stafrænu tækninnar, sem hjálpartæki nemenda með sérþarfa. Starfsmenn nefna að mikilvægt sé að hlúa vel að list- og verkgreinum. Í því samhengi er nefnt að auka megi myndmenntakennslu hjá yngstu nemendum skólans undir stjórn fagmenntaðs kennara. Bent var á að hægt sé að fara í meira lausnamiðað nám þar sem nemendur þjálfast í að leysa ákveðin mál. Einnig væri hægt að nota sköpun í öllum námsgreinum.

Starfsmenn eru sammála um að sköpun verði áfram hluti af skólastarfinu. Mikilvægast sé að nemendur læri að nýta fjölbreytta miðla til sköpunar á sjálfstæðan máta. Mikilvægt sé að efla sköpunarhæfni nemenda með því að innleiða lausnamiðað nám. Það er sameiginlegt stef að halda áfram á sömu braut.

Mat á gæðagreini 2.7 Samstarf

Gæðagreinirinn var metinn í sex fjögurra til fimm manna hópum starfsmanna.

Að mati starfsmanna erum við í góðu samstarfi við okkar nærsamfélag og samstarfsaðila. Við erum dugleg að nýta nærsamfélagið, lausnamiðuð og til í samstarf við fyrirtæki í nágrenni skólans. Þar eru nefnd til sögunnar fyrirtæki eins og Olís, Hólaskóli, Birkilundur og Löngumýri. Þar hefur farið fram starfsnám einstakra nemenda. Auk þess er samstarf við eldri borgara á Löngumýri nefnt, Gaman saman samstarf leik og grunnskólans í Varmahlíð og Sveitadagar í samstarfi við heimilin í sveitinni.

Starfsmenn nefna að hægt væri að hlusta betur á raddir foreldra með því að hafa opna fundi þar sem hægt væri að koma með ábendingar eða vera með faglegt innlegg fyrir starfsmenn og foreldra. Einnig er sóknarfæri í að samræma uppbrotsdaga á mismunandi skólastigum.

Starfsmenn eru sammála um að samstarf við nærumhverfið, forráðamenn og grenndarsamfélagið sé haft að leiðarljósi í starfi skólans. Mikilvægt sé að viðhalda því samstarfi sem fyrir hendi er og auka það. Einnig mætti koma að símenntun fyrir starfsmenn, foreldra og starfsmenn leikskólans á sama tíma þannig að fræðslan nýtist sem best.

Matsfundur 15. mars 2021	Einkunnagjöf
2.3 Nám og kennsla	4,4,4-5,4,

Mat á gæðagreini 2.3. Nám og kennsla

Gæðagreinirinn var metinn af fjórum hópum kennara, þroskapjálfa og stuðningsfulltrúa á starfsmannafundi 15. mars 2022.

Það sem telst til sterkra þátta er að nemendum er gert kleift að velja og nýta góðar bjargar. Starfið byggir á áætlanagerð þar sem fram koma námsmarkmið og hvernig þau eru metin. Notuð eru viðurkennd viðmið í námsmati og næstu skref ákveðin eftir útkomu

úr námsmati. Skipulag starfsfólks er talið til sterkra þátta, einnig hvernig þeim tekst til að virkja nemendur.

Kennarar eru sammála um stafræn tækni er góð hjá okkur. Einnig að starfsfólk hefur góðan aðgang að menntarannsóknunum og endurmenntun.

Þættir sem kennarar eru sammála um að mætti bæta eru útikennsla gæti verið markvissari, í því sambandi var nefnt að skógurinn væri vannýtt auðlind. Stungið er upp á kennarar sækja sér endurmenntun í henni. Einnig mætti nota nærsamfélagið betur til kennslu. Fram kom í matinu að kennarar telja að þeir geti gert betur í að efla sjálfstæði nemenda og í því samhengi að upplýsa nemendur betur um markmið kennslunnar. Þar var nefnt að nýta mætti samráðsfundi betur og fara yfir markmiðin þar. Í því felst að nemendur skipuleggi og meti nám sitt. Stungið var upp á því að taka upp leiðsagnarmat með markvissum hætti. Fram kom athugasemd um að starfsfólk mætti vera opnara fyrir nýjungum og í því samhengi bent á að lestur fræðigreina mætti vera meiri. Einnig var áréttað að lestur slíkra fræðigreina teldist til endurmenntunar. Þar var nefnd hugmynd um að starfshópurinn tæki til umfjöllunar góðar fræðigreinar á fundum. Til dæmis væri hægt að útbúa vettvang fyrir umfjöllun á grein vikunnar.

Í athugasemdum um gæðagreininn kom fram að jafningjamat sé notað á unglingastigi en ekki öðrum stigum. Einnig kom ábending um það hvort nægilega væri metið inni í skólanum það sem nemendur gera utan hans. Önnur athugasemd um sama þátt beindi sjónum að því það sem gerðist utan skóla ætti ekki erindi þangað inn.

Matsfundur 12. maí 2022	Einkunnagjöf
Upplýsinga- og tæknimál	4, 5, 5, 4-5, 5, 4,
Olweusargæðagreinir	5, 5,4

Mat á gæðagreinini Upplýsinga- og tæknimál

Gæðagreinirinn var metinn af þremur fjögurra og fimm manna hópum kennara og stuðningsfulltrúa starfsmanna 12.05.2022

Kennarar eru sammála um að skólinn sé vel tækjum búinn. Upplýsingatækni sé stór hluti af námi nemenda og tæknin notuð við einstaklingsmiðun á námi. Starfsmenn hafa mikinn möguleika á endurmenntun í upplýsingatækni og eiga auðvelt með að nota tæknina í samstarfi við annað samstarfsfólk og nemendur. Einnig telja starfsmenn að ráðgjöf innanhúss sé góð.

Það sem kennarar og stuðningsfulltrúar nefna að bæta mætti er að eitthvað vanti uppá aðgang að símenntun. Einnig mætti skólinn nýta tæknina betur á fjölbreyttari hátt. Nemendur séu ekki duglegir að nýta sér mismunandi tækni og nettengingu þurfi að laga á þann hátt að nemendur geti tengst tækjum í stofum til að þess að verkefnaskil gangi greiðar fyrir sig.

Kennarar eru sammála um að halda áfram á sömu braut. Starfsfólk séu góðar fyrirmyndir í tæknimálum og upplýsingatækni sé hluti af námi nemenda.

Mat á gæðagreinini Olweusargæðagreinir

Gæðagreinirinn var metinn af sex fjögurra og fimm manna hópum starfsmanna á matsfundir 12.maí 2022.

Starfsmenn eru sammála um að unnið sé vel eftir áætluninni í skólanum. Bekkjarfundir eru haldnir reglulega og rætt er um hegðun og atferli. Einnig eru starfsmenn sammála um að tekið sé á málum sem upp koma og að foreldrar viti að brugðist sé við ef upp koma eineltismál. Lykilmannateymi er virkt og fundar reglulega. Almenn meðvitund starfsfólks er um að fylgjast með stöðu nemenda og grípa sem fyrst inn í málin.

Starfsmenn nefna að það sem mætti bæta sé að Olweusaráætlunin sé ekki nægilega vel kynnt fyrir nýjum starfsmönnum og einnig mætti rifja hana betur upp í upphafi skólaárs. Vegna Covid-ástands var árlegt námskeið nýrra starfsmanna í skólum Skagafjarðar ekki síðastliðið haust en auðvelt er að laga það næsta skólaár. Starfsmenn vilja virkja foreldra

betur til að hafa samband við skólann ef upp kemur grunur um einelti. Starfsmenn benda á að nauðsynlegt sé að kynna Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum (1040/2011) fyrir öllu starfsfólki. Einnig kom ábending um að nauðsynlegt sé að kynna aðgerðaráætlun fyrir foreldrum.

Starfsfólk er sammála um að huga þurfi vel að vellíðan nemenda og taka strax á því þegar eitthvað er öðruvísi en það á að vera. Einnig að nemendur séu upplýstir um til hvaða viðbragða er gripið þegar tilkynnt er um einelti. Mikilvægt sé að forvarnir séu í gangi allan veturinn, bekkjarfundir reglulegir og lykilmannahópur sé virkur. Starfsmenn eru sammála um að rækta þyrfti virðingu í skólasamfélaginu.

Sjálfsmat nemendur veturinn 20201-2022

Matsfundur 13.12.2021	Einkunnagjöf
Nemendamat	3,3,4,4,4,4,5,5,5,5,

Nemendum 5.-10. bekkjar var skipt í 10 hópa þvert á aldur 13 desember 2021.

Þeir þættir sem nemendur nefna sem sterka þætti í skólastarfinu eru góð íþróttakennsla og útiíþróttir í hæfilegu magni. Einnig er útikennslan nefnd sem sterkur þáttur.

Nemendur eru ánægðir með frelsið í frímínútum og telja félagslífið gott. Nokkrir hópar í matinu telja að skólinn vinni vel úr eineltismálum og forvarnaráætlun Olweusar sé af hinu góða. Fram kemur í nemendamatinu að nemendur eru ánægðir með framboð í mötuneyti og telja sig hafa nægan tíma til að borða.

Nemendur telja að starfsfólk þurfi að hlusta betur á nemendur og nemendur á kennara. Einnig nefna nemendur að bæta megi búnað og aðstöðu í skólanum. Þar var nefnt að hér vantaði tilraunastofu og endurnýja þyrfti tölvubúnað. Öryggi í skólarútum gæti stundum verið betra að mati nemenda og samskipti þar þarf að laga. Nemendur óska eftir aukinni viðveru hjúkrunarfræðings. Nefnt er að samskipti nemenda mættu vera betri

í skólanum. Tekið var sem dæmi að yngri nemendur mættu hlýða eldri nemendum og ekki vera með ljótt orðbragð. Fram kom hjá nemendum að nóg sé af heimanámi en lítið um aðstoð vegna þess. Nemendur nefndu að bæta mætti útinám og lengja útiveru. Sumir nefndu að lengja mætti kaffitímann.

Umbótaáætlanir skólaársins 2021-2022 - starfsfólk

3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar				
Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Að kynna nemendum hugtökin jafnrétti og skóli án aðgreiningar - útbúa viðeigandi námsefni.	Umsjónarkennarar, menntamálaráðuneyti	Verkefni sem þarf að vera í sífelldri endurskoðun	Tíma, vilja og fast fyrirkomulag	Með símati og verkefnavinnu nemenda. Þegar nemendur geta skilgreint þessi hugtök og nýtt sér þau í leik og starfi.
Að setja okkur uppeldis- og kennslufræðilega stefnu, kynna og kjósa um.	Skólastjórnendur	Í vor		Þegar innleiðingu er lokið er hægt að meta árangur.
Útbúa sérstakt teymi starfsmanna sem kynnrir sér uppeldis- og kennslufræðilega stefnu.	Sjálfbóðaliðar (mikilvægt að það sé blandaður hópur)	Janúar/febrúar	Finna áhugasama í teymið	Þegar innleiðingu er lokið er hægt að meta árangur.
Nemendur mættu koma meira inn í umræðuna um nám sitt og námstilhögun. Gera markmið sýnilegri.	Umsjónarkennarar	Haust 2022: markmið sýnilegri í kennslustofu Vor 2023: Kennara búnir að taka regluleg samtöl við nemendu um nám þeirra.	Tíma, jákvæðni, skipulag.	Könnun til nemenda og foreldra.
Námskeið/efni fyrir starfsfólk sem fjallar um lög og reglur, réttindi,	Skólastýrur	Haust 2022		Gæðagreinir

velferð og skóla án aðgreiningar.				
Stöðug framþróun. Viðhalda þekkingu starfsfólks á öllum starfssviðum.	Fræðslunefnd í samráði við skólastjórnendur.	Fyrir lok hvers skólaárs.	Tíma og skipulag.	Með betri starfsskilyrðum og betri líðan nemenda og starfsfólks.

3.2 Betri árangur og aukin frammistaða

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Að viðhalda góðum árangri.	Nemendur og allir sem koma að þeim	Sífelld	Vilja, kraft og þor	Með símati
Að auka talnalæsi, útbúa gagnabanka, miðla verkefnum.	Jafningjafræðsla kennara	Á sex vikna fresti	Áhuga og skipulag	
Gera gögn í skólastarfi sýnilegri fyrir þá sem þurfa vitneskju.	Skólastjórnendur	Janúar 2023	Tíma, jákvæðni og skipulag	Með gæðagreini
Fá oftari upplýsingar um hvernig unnið hefur verið með þróunaráætlanir.	Skólastjórnendur, sjálfsmatsteymi	Maí 2022	Fundartími	Með könnun meðal starfsfólks
Vinna markvisst að því að gera nemendur ábyrga fyrir eigin námi.	Teymi á hverju skólastigi	Viljum sjá árangur eftir hvert skólaár.	Markvissa vinnu	Gæðagreinir

3.3 Sköpun og starfshæfni

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Nýta stafræna tækni til framdráttar nemenda í námi þeirra.	Námsráðgjafi og kennarar	Vorið 2023	Samvinnu, tæki, töl og kunnáttu.	Þegar nemendur eru orðnir sjálfbjarga. Gæðagreinir

Athuga hvort kynjamisrétti sé (ómeðvitaður) hluti af skólamenningu. Fræðslu og bjargir um málefnið.	Skólastjórnendur.	Uppfæra þetta reglulega og vinna sífellt í þessu.	Utanaðkomandi fræðsla.	Gæðagreinir lagðir fyrir nemendur.
Kenna nemendum að nýta kennslutímann betur.	Kennarar	Vorið 2023		Gæðagreinir
Efla sköpunarhæfni nemenda með því að innleiða lausnamiðað nám.	Kennarar	Vor 2023	Endurmenntun/ þróunarvinna teyma	Mat innan teyma
Koma á "Nemenda-og forráðamannaþing"	Skólastjórnendur	Nóv. 2023	Tíma, vilja, skipulag og aðstöðu.	Niðurstöður þingsins

2.7 Samstarf				
Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Nýta nærsamfélagið meira í námi og kennslu.	Kennarar	Alltaf í gangi	Samvinnu.	
Sýningadagar fyrir foreldra.	List- og verk- greinakennarar	Næsta haust	Bjóða forráðamönnum.	Þegar þessi þáttur er orðinn hluti að skólastarfi.
Bjóða foreldrum á Piparkökuhúsakvæði.	Heimilisfræðikennari og stjórnendur	Næsta haust	Bjóða forráðamönnum.	Þegar þessi þáttur er orðinn hluti að skólastarfi.
Skapa tækifæri fyrir alla starfsmenn til að taka þátt í samstarfi með samstarfsaðilum.	Skólastjórnendur	Skoða árlega		Gæðagreinir
Virkja aftur foreldrafélag og bekkjarráð. Þátttaka í mótun skólastarfs	Skólastjórnendur, skólaráð og stjórn foreldrafélagsins.	Áramót 2022-2023	Betra upplýsingaflæði um áherslur og starfslýsingu þessa hópa, forysta hópanna þarf að vera skýr.	Með samtali stjórnenda og forystu forráðamanna, sem og með skýrslu frá þeim.
Virkja hugmyndir nemenda	Nemendur og starfsfólk	Aldrei	Vilja, tíma, samvinnu	Með áþreifanlegum verkum nemenda

2.3 Nam og kennsla				
Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Gera jafningjamat að föstum lið.	Kennarar með nemendum	Vorið 2024	Að setja þennan lið í áætlun.	Með samantekt og skráningu.
Virkja nemendur til sjálfstæðis í námi.	Allir kennarar í samstarfi við námsráðgjafa.	Vor 2023	Skipulag, fund og sértækt efni til að þjálfra vinnubrögð.	Með gæðagreini.
Virkja nemendur í því að skipuleggja og meta nám sitt.	Allir kennarar í samstarfi við námsráðgjafa.	Vor 2023	Skipulag, fund og sértækt efni til að þjálfra vinnubrögð.	Með gæðagreini.
Faghóp útikennslu	Einn starfsmaður í hverju teymi, list- og verkgreina-kennarar.	Haut 2023	Sækja sér endurmenntun í útikennslu.	Þegar útikennsla er komin inn á stundatöflu á öllum stigum
Skapa vettvang starfsfólks til lesturs faggreina.	Starfsfólk	Vor 2023 1 sinni í mánuði	Fundartíma til að ræða greinar.	

Upplýsinga- og tæknimál				
Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Þjálfra nemendur í að nota tæknina á fjölbreyttan hátt.	Kennarar	Vorið 2023	Markviss verkefni sem reyna á margs konar notkun tækninnar.	Gæðagreindir
Námskeið í notkun forrita fyrir kennara og stuðningsfulltrúa.	Tölvuteymi	Vor 2023	Tíma	Með gæðagreini.
Nemendur okkar þurfa að nota tæknina til að leysa verkefni á fjölbreyttan hátt.	Kennarar, Íris Olga	Áramót 2022/23	Kennsluáætlanir með kennslu á mismunandi verkefnavinnu s.s. stuttmyndagerð, hlaðvarpspáttum.	Með hæfnivíðmiðum.

Olweusargæðagreininir				
Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Að kynna verkefnið fyrir íþróttafélagi.	Olweusarteymi	Að ári	Samanburðarfundi	Með samtali
Að kynna verkefnið betur fyrir nýjum starfsmönnum.	Stjórnendur og Olweusarteymi	Fastur liður þegar starfsmaður bætist í hópinn.	Skipulag	Með sjálfsmati
Að ræða oft um kerfið í starfsmannahópnum.	Stjórnendur og Olweusarteymi	Á eilífðar dagskrá	Fundadagskrá	Með sjálfsmati
Að koma bekkjarreglum á í öllum hópum	Umsjónarkennarar	Haustið 2022	Samvinna með nemendum.	Með sjálfsmati
Virkja nemendur betur í að taka afstöðu gegn einelti.	Umsjónarkennarar	Vor 2023	Kynningar/hlutverkaleikir	Gæðagreininir
Halda fund að hausti og kynna aðgerðaáætlunina.	Olweusarteymið	Haust 2022	Tíma og skipulag	Með gæðagreini
Efla sjálfstraust nemenda og góðan bekkjarbrag.	Umsjónarkennarar og aðrir starfsmenn.	Í stöðugri vinnslu.	Vinnu í bekkjum.	Með gæðagreini.
Fá lifandi fyrirlestra (bæði frá geranda og þolanda), reynslusögur, klípusögur, hlutverkaleikir.	Stjórnendur	Á haustdögum	Fjármagn og áhuga.	

Umbótaáætlanir skólaársins 2021-2022 - nemendur

Nemendamat				
Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?

Það þarf að tryggja betur að allir séu í belti.	Skólabílstjórinn	Sem fyrst	Kynna betur fyrir krökkum hvað getur gerst.	Þegar allir hafa spennt sig og kvartanir hætta að berast.
Betri sjúkraþjónustu, hjúkkan komi oftari í viku.	Sveitarfélagið	Næsta haust	Peninga og vilja	Þegar þjónustan hefur verið aukin.
Fjölbreyttari fæði í morgunmat og kaffitímum.	Matráðurinn í skólanum	Eftir áramót	Fjármagn	Þegar matseðillinn er orðin fjölbreyttari.
Samskipti nemenda og andinn milli bekkja.	Við öll	Sem fyrst	?	
Auka áhuga.	Allir	Í dag	Áhuga	Með könnun
Bæta moodið hjá kennurunum.	Þegar þeir eru reiðir þá eiga þeir ekki að taka það út á nemendurnar.	Í lok ársins 2021	Sálfræðing	Krakkarnir
Lengri kaffi tímar	Sem fyrst	5-10 min lengur	Lengja kaffitímann.	Sjálfsmat
Hafa tilraunastofu	Sem fyrst	Lok skólaárs	Finna stofu til þess að verða að tilraunastofu og kaupa efni og áhöld í það.	Nemendamati
Meiri útveru/ útinám	Skólastýra	Eftir áramót	Nenn hjá kennurum til að fara út.	Það er hægt að hafa kennslu á einhvern máta úti.
Starfsfólk þarf hlusta meira á skoðanir nemanda.	Starfsfólk	Á morgun	Leyfa okkur að koma okkar skoðunum á framfæri.	Spyrja aftur nemandan hvernig þetta gengur
Laga skólabúnað	Skólastjóri	Fyrir næsta haust.	Peninga	Eftir verklok
Fjölbreyttari skólaferðalög	Umsjónarkennarar	Fyrir næstu skólaferðalög.	Vilja og kostnað	Spyrja nemendur
Meiri samvinnuverkefni	Umsjónarkennara	Janúar 2022	Leyfi frá kennurum	Kennarar geta séð hvort samskiptin eru góð.
Laga kyndingu tölvubúnað og húsgögn.	Sveitastjórnin	Maí 2023	Fjármagn og vilja	Leggja fyrir aðra könnun þegar að þetta er búið.
Félagslíf í skólanum sé nógu mikið.	Nemendur og starfsfólk í sameiningu	Febrúar 2022	Vilja til breytinga	Spyrja nemendur

Skólapúlsinn

Á skólaárinu var nemendakönnun lögð fyrir með vefkerfi Skólapúlsins, áttunda árið í röð. Ákveðið var árið 2018 að framvegis verði foreldra- og starfsmannakönnun lagðar fyrir annað hvert ár. Nú í ár var lögð fyrir foreldrakönnun. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og verkefni Skólavogarinnar. Skólavogin er tæki sem mörg sveitarfélög nýta, þ.á.m. Sveitarfélagið Skagafjörður. Kerfið heldur m.a. utan um ýmsar rekstrarupplýsingar um skólastarfið og skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra/forsjáraðila og kennara í skólum við aðra grunnskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins.

Niðurstöður einstakra matsþátta eru í sumum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalniur (stanines). Staðalniur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Viðmiðunarreglan er sú að meðaltalsmunur upp á 0,5 stig á staðalniukvarða telst *ekki mikill munur*, munur upp á 1,0 stig telst *töluverður munur* og munur upp á 1,5 stig telst *mikill munur*. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Í sumum tilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun.

Viðmið staðlaða kvarðans voru fastsett við fyrstu fyrirlögn foreldrakönnunar árið 2012-2013 og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigerð viðhorf foreldra í grunnskólum skólaárið 2012-2013. Viðmið nemendakönnunar voru uppfærð í upphafi skólaárs 2015 og því merkir talan 5 dæmigerðan nemenda skólaársins 2014-2015.

Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn tilgreindur og viðkomandi matsþáttur merktur með stjörnu og grænum lit. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 90% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu. Ef mælingin er ekki marktækt frábrugðin niðurstöðu annarra skóla er munurinn ekki birtur. Lágmarkssvarhlutfall í könnunum Skólapúlsins er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf þátttakenda. Niðurstöður skóla með minna en 60% svarhlutfall eru ekki birtar. Á vef Skólapúlsins má nálgast nánari upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir vefkerfisins.

Skólapúlsinn nemendakönnun

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir alla nemendur í 6. – 10. bekk í Varmahlíðarskóla í október 2021.. Nemendakönnunin skiptist í þrjá lykilþætti, þeir eru: *virgni nemenda í skólanum, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi*. Í úrtaki voru 52 nemendur og af þeim svöruðu 48, þannig að svarhlutfall var 92,3 %. Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingar um stöðu nemenda í skólanum miðað við stöðu nemenda í öðrum skólum á landinu. Einnig er hægt að bera niðurstöður innan skólans saman á milli skólaára. Viðmiðunartalan 5 merkir dæmigerðan nemanda á skólaárinu 2014-2015. Viðmiðunarreglan er sú að 0,5 stig telst lítill munur, 1,0 stig telst töluverður munur og 1,5 stig telst mikill munur. Hér má sjá yfirlit yfir stöðu matsþátta og almenna umfjöllun um hvern efnisflokk.

Virgni nemenda í skólanum

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Breyting	Landsmeðaltal	Mismunur
Virgni nemenda í skólanum					
Ánægja af lestri	4,8	47	-0,2	4,4	0,4
Þrautseigja í námi	4,8	48	0,3	4,5	0,3
Áhugi á stærðfræði	4,7	48	-0,2	4,8	-0,1
Ánægja af náttúrufræði	4,0	48	-0,7	4,5	-0,5
Trú á eigin vinnubrögðum í námi	4,5	48	0,5	4,4	0,1
Trú á eigin námsgetu	5,2	48	-	4,9	0,3

Í lykilþættinum *virgni nemenda í skólanum* mælast fjórir þættir yfir landsmeðaltali en þó ekki marktækt. *Þrautseigja í námi* mælist hærri en á síðasta ári og *trú á eigin getu*. *Ánægja af lestri* mælist örlítið lægri en síðasta skólaár. Tveir þættir eru lægri en landsmeðaltal en það eru þættirnir *ánægja af stærðfræði* og *náttúrufræði*. Þessi þættir mælast lægri en í mælingunni í fyrra.

Líðan og heilsa

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Breyting	Landsmeðaltal	Mismunur
--	------------	--------------	----------	---------------	----------

Líðan og heilsa					
Sjálfsálit	4,1	48	-0,4	4,3	-0,2
Stjórn á eigin lífi	4,2	48	-0,2	4,3	-0,1
Velliðan	4,6	48	-0,4	4,3	0,3
Áhyggjur og stress - ástæður	-	10	-	-	-
Einelti	5,2	48	0,2	5,6	-0,5*
Tíðni eineltis	14,6%	7/46	5,9%	14,6%	0,0%
Staðir eineltis	-	7	-	-	-
Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	47,9%	23/48	-5,4%	44,4%	3,5%
Hollt mataræði	4,2	48	-0,4	4,6	-0,4

Í flokknum *líðan og heilsa* mælast tveir þættir yfir landsmeðaltali í ár. Annar þátturinn snýr að *velliðan* nemenda en sá þáttur mælist hærri en landsmeðaltalið en mælist aðeins lægri en í fyrra. Þátturinn *einelti* er einnig marktækt lægri sá þáttur mælist þó hærri en í fyrra innan skólans. Þátturinn *stjórn á eigin lífi* mælist nú við landsmeðaltal en séu niðurstöður skólans bornar saman við niðurstöðu síðustu könnunar þá mælist hann örlítið lægri. Matsþátturinn *sjálfsálit* mælist örlítið lægra en landmeðaltal en er þó aðeins lægri en þátturinn mældist innan skólans í fyrra.

Einungis 7 nemendur af 48 svara spurningunni *tíðni eineltis* en sá þáttur mælist marktækt lægri hér í skólanum en á landsvísu.

23 nemendur af 48 svara spurningunni *tíðni hreyfingar*, sá þáttur mælist hærri en á landsvísu en þó ekki marktækt. Þátturinn mælist lægri nú innan skólans en fyrra ár.

Einelti mælist marktækt undir landsmeðaltali í ár og örlítið hækkað miðað við niðurstöður innan skólans frá síðasta skólaári. *Tíðni eineltis* mælist 14,6 % sem er 5,9% lægra en landsmeðaltalið. Sjö nemendur í 6. – 10. bekk segjast hafa orðið fyrir einelti skv. Skólapúlsinum. Skilgreining á einelti skv. Skólapúlsinum samræmist hins vegar ekki skilgreiningu á einelti skv. eineltisáætlun Olweusar sem skólinn starfar eftir. Í Skólapúlsinum getur nemandi svarað því til að hann hafi orðið einu sinni fyrir einelti á 30 daga tímabili, og flokkast það sem einelti í könnun Skólapúlsins. Í Olweusaráætluninni er einelti hins vegar ekki skilgreint sem slíkt nema nemandi hafi orðið fyrir því tvisvar til

Þrisvar í mánuði eða oftar. Samkvæmt Olweusaráætluninni væri skilgreining á niðurstöðu Skólapúlsins því sú að tveir nemendur hafi verið lagðir í einelti.

Mælingar varðandi hollt mataræði og neysluvenjur nemenda mælast lægra en landsmeðaltal en þó ekki marktækt.

Skóla- og bekkjarandi

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Breyting	Landsmeðaltal	Mismunur
Skóla- og bekkjarandi					
Samsömun við nemendahópinn	4,7	48	-0,5	4,8	-0,1
Samband nemenda við kennara	4,9	48	-0,1	4,8	0,1
Agi í tímum	6,2	48	0,6	4,9	1,3*
Virk þátttaka nemenda í tímum	4,6	48	-0,1	4,9	-0,3
Tíðni leiðsagnarmats	4,8	48	0,1	4,9	-0,1

Í flokknum *skóla- og bekkjarandi* mælist einn þáttur marktækt yfir landsmeðaltali þ.e. *agi í tímum* en sá þáttur hefur mælist marktækt yfir landsmeðaltali síðustu ár. Aðrir þættir eins og *samsömun við nemendahópinn*, *samband nemenda við kennara* og *tíðni leiðsagnarmats* eru því sem næst við landsmeðaltal. *Virk þátttaka nemenda í tímum* mælist lægri en landsmeðaltal og hefur örlítið lækkað milli ára.

Skólapúlsinn foreldrar

Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í Varmahlíðarskóla í febrúar 2022. Viðmiðunarhópur þessarar rannsóknar samanstóð af svörum foreldra þeirra grunnskóla sem tóku þátt í könnuninni og náðu viðundandi svarhlutfalli. Skólarnir voru ólíkir af gerð og staðsetningu. Svarhlutfall í Varmahlíðarskóla var 75% en alls svaraði 51 foreldri. Könnunin mælir þættina *nám og kennsla*, *velferð nemenda*, *afstaða og þjónusta*, *foreldrasamstarf* og *heimastuðningur*.

Nám og kennsla

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Breyting	Lands-meðaltal	Mismunur
Nám og kennsla					
Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,3	49	0,5	5,4	-0,1
Ánægja foreldra með stjórnun skólans	93,6%	44/47	5,1%	91,5%	2,1%
Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	93,9%	46/49	10,5%	86,4%	7,5%
Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	83,7%	36/43	14,8%	77,6%	6,1%

Í flokknum *nám og kennsla* mælist *ánægja foreldra með nám og kennslu* líkt og landsmeðaltal, þessi liður hefur tekið jákvæðri breytingu frá síðustu mælingu. Aðrir liðir í þessum flokki, *ánægja með stjórnun skólans*, *hæfileg þyngd námsefnis* og *hæfilegur agi* mælast allir yfir landsmeðaltali, þó ekki marktækt og allir mælast þeir hærri en í síðustu mælingu innan skólans.

Velferð nemenda

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Breyting	Lands-meðaltal	Mismunur
Velferð nemenda					
Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,5	48	-0,5	4,9	-0,4
Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	97,8%	45/46	5,4%	89,1%	8,7%
Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	96,1%	49/51	0,5	92,0%	4,1%
Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	94,1%	48/51	-2,9%	92,3%	1,8%
Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra	98,0%	49/50	0,9%	91,5%	6,5%
Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	2,0%	1/51	-1,05	9,6%	-7,6%
Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	80,0%	28/35	6,1%	79,5%	0,5%

Þegar niðurstöður eru skoðaðar í flokknum *velferð nemenda* má sjá að *ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur* mælist lægri frá síðustu mælingu fyrir tveimur árum, þó ekki marktækt. Þátturinn *líðan nemenda í kennslustundum* mælist einnig lægri innan skólans frá síðustu mælingu en er þó yfir landsmeðaltali. Aðrir þættir eins og *ánægja foreldra með hvering skólinn mætir þörfum nemenda*, *mat foreldra á líðan nemenda* og *líðan nemenda í frímínútum* að mati foreldra mælast hærri frá síðustu mælingu og eru umtalsvert hærri en landsmeðaltal. Þó ekki marktækt.

Aðstaða og þjónusta

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Breyting	Lands-meðaltal	Mismunur
Aðstaða og þjónusta					
Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,5	50	-0,2	5,7	-0,2
Ánægja foreldra með tómstundaiðju	5,5	33	-0,0	5,2	0,3
Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili	72,5%	37/51	2,9%	58,1%	14,4%
Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	88,0%	44/50	-5,9%	75,8%	12,2%
Notkun á mötuneyti	100%	51	0,0%	92,5%	7,5%

Þegar lítið er yfir niðurstöður úr flokknum *aðstaða og þjónusta* má sjá að *ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum* mælist minni en áður og einnig minni en landsmeðaltal. *Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti* mælist minni en er þó 12,2% yfir landsmeðaltali. *Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu* hefur aukist um 2,9% frá því síðast og er 14,4% yfir landsmeðaltali.

Foreldrasamstarf

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Breyting	Lands-meðaltal	Mismunur
Foreldrasamstarf					
Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,5	49	-0,9	4,7	-0,2
Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	46,5%	20/43	-8,0%	59,7%	-13,2%
Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	62,2%	23/37	5,0%	69,3%	-7,1%
Ánægja með síðasta foreldraviðtal	97,9%	46/47	5,3%	95,4%	2,5%
Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	51,2%	21/41	2,1%	56,7%	-5,5%
Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	86,5%	32/37	11,5%	85,4%	1,1%
Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	83,0%	39/47	5,9%	81,1%	1,9%

Foreldra upplýstir um stefnu skólans og námskrá	81,2%	39/48	5,1%	72,9%	8,3%
---	-------	-------	------	-------	------

Flokkurinn *foreldrasamstarf* segir til um álit foreldra á samstarfi við þá. Þátturinn sem mælist marktækt undir landsmeðaltali í þessum flokki er *áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur* en hann mælist 13,2% minni en landsmeðatal. Liðirnir *þátttaka foreldra í gerð námsáætlana* og *leitað eftir tillögum frá foreldrum* hækka frá síðustu mælingu í skólanum en mælast þó undir landsmeðaltali. *Ánægja foreldra um upplýsingar um stefnu og námskrá skólans* eykst frá síðustu mælingu og er 8,3% yfir landsmeðaltali. Einnig mælist *ánægja foreldra með síðasta foreldraviðtal* meiri en áður.

Heimastuðningur

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Breyting	Landsmeðaltal	Mismunur
Heimastuðningur					
Virkni foreldra í námi barna sinna	4,4	49	0,1	5,0	-0,6*
Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	3,8	49	-0,3	4,0	-0,2
Hæfileg heimavinna að mati foreldra	89,1%	41/46	15,3%	76,1%	13,0%*
Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	55,6%	25/45	4,0%	57,2%	-1,6%
Væntingar foreldra um háskólanám	60,0%	24/40	4,7%	70,8%	-10,8%
Væntingar foreldra um iðnnám	20,0%	8/40	-7,7%	17,4%	2,6%

Þegar liðurinn *heimastuðningur* er skoðaður kemur í ljós að *virkni foreldra í námi barna sinna* mælist marktækt lægri en á landinu. Liðurinn *tími sem foreldrar aðstoða börn sín við heimanám* hefur hækkað frá síðustu mælingu en er undir landsmeðaltali en þó ekki marktækt. *Hæfileg heimavinna nemenda* mælist marktækt hærri en landsmeðaltal og einnig innan skólans frá síðustu mælingu. *Væntingar foreldra um háskólanám* mælast hærri en áður en þó undir landsmeðaltali. Hins vegar mælast *væntingar um iðnnám* yfir landsmeðaltali en hafa þó lækkað frá fyrri mælingu innan skólans.

Árleg skimun starfsfólks – niðurstöður

Árleg skimun starfsfólks í Varmahlíðarskóla, maí 2022	1. Ófultægandi	2. Slátt	3. Fultægandi	4. Gott	5. Mjög gott	6. Framúrskarandi	Sýðun	Meðaltíðun	með einkum 4-6 2022	með einkum 4-6 2021
Umbótamiðað sjálfsmat er óaðskiljanlegur hluti af skólalastarfinu?	0	0	3	8	14	2	27	4.5	89%	92%
Sjálfsmatð hefur áhrif á velgengi og árangur nemenda?	0	0	3	12	12	0	27	4.5	89%	100%
Hvernig metur þú ábyrgð starfsfólks í skólalastarfinu?	0	0	0	7	18	2	27	4.5	100%	100%
Hversu ábyrgir eru nemendur gagnvart námi sínu?	0	4	8	10	3	0	25	4.2	52%	81%
Er skólaþróun að skila tilæfðuðum áhrifum á árangur nemenda?	0	0	2	13	9	0	24	4.0	92%	95%
Hvernig metur þú forystu og starfsmannastjórnun í skólanum, m.t.t. velferðar starfsfólks?	0	0	2	10	14	0	26	4.3	92%	68%
Hvernig metur þú forystu og starfsmannastjórnun í skólanum, m.t.t. faglegrar leiðsagnar?	0	0	4	6	17	0	27	4.5	85%	80%
Hvernig metur þú forystu og starfsmannastjórnun í skólanum, m.t.t. styðjandi starfsumhverfis?	0	0	3	9	14	1	27	4.5	89%	76%
Hvernig metur þú gagnsæi og sanngími við nýtingu og úthlutun fjármagns sem skólinn hefur yfir að bæta gæði náms og kennslu?	1	0	1	13	10	0	25	4.2	92%	83%
Hversu árangursríkir eru aðferðir okkar sem hafa velferð nemenda að leiðarljósi þ.m.t. nemendavernd og öryggismál?	0	0	1	6	18	1	26	4.3	96%	100%
Hvernig ábyrgjast við að stefna skólans skv. skólanámskrá sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til nútíma skólalastarfs?	0	0	0	8	15	1	24	4.0	100%	95%
Hvernig metur þú gæði náms og kennslu í skólanum?	0	0	0	8	17	0	25	4.2	100%	100%
Hvernig metur þú gæði námsmats í skólanum?	0	0	2	13	10	0	25	4.2	92%	96%
Hvernig nýtum við niðurstöður námsmats í þágu nemenda (samkvæmt aðalnámskrá)?	0	0	1	13	10	0	24	4.0	96%	90%
Hvernig metur þú hvort og hvernig nám, kennsla og matsaðferðir mæta fjölbreyttum þörfum nemenda?	0	1	0	8	15	1	25	4.2	96%	95%
Hvernig metur þú gæði einstaklingsmiðunar og þau stuðningsúrræði sem skólinn býður nemendum?	0	0	1	9	13	3	26	4.3	96%	100%
Hvernig metur þú þátttöku fjölskyldna í skólalastarfinu?	0	3	4	15	3	0	25	4.2	72%	74%
Hvernig metur þú hversu árangursrík samfélla er í námi nemenda alla skólagönguna?	0	0	1	13	11	0	25	4.2	96%	95%
Hvernig metur þú samstarf skólans við foreldra/forsjáráðila?	0	1	3	12	9	0	25	4.2	84%	87%
Á hvaða hátt metur þú samstarf alls starfsfólks innan skólans?	0	1	4	7	15	0	27	4.5	81%	77%
Á hvaða hátt metur þú samstarf skólans við samstarfsaðila utan skólans (s.s. fræðsluþjónustu, samstarfsskóla, samstarfsstofnanir o.s.frv.)?	0	1	5	10	9	0	25	4.2	76%	91%
Hvernig finnst þér skólinn ná að skapa námsumhverfi sem samræmist hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar/merntun fyrir alla?	0	0	5	10	8	1	24	4.0	79%	92%
Hvernig fylgjum við eftir námsgengi nemenda og árangri?	0	0	0	11	12	0	23	3.8	100%	100%
Hafa nemendur tækifæri til að beita sköpunarhæfni sinni í fjölbreyttum verkefnum?	0	0	1	6	17	1	25	4.2	96%	100%
Hvernig leggjum við áherslu á eftingu lestrar með skjórum markmiðum um kennslu, leiðir og árangur skv.	0	0	2	7	13	0	22	3.7	91%	100%
Hvaða mat leggur þú á hvernig jafnrétti og sanngími er haft að leiðarljósi í skólalastarfinu?	0	0	0	11	16	0	27	4.5	100%	96%
Hvaða mat leggur þú á vinnu að forvörðum gegn einelti og úrvinnslu mála skv. aðgerðasætlun skólans gegn einelti (Ölweus)?	0	0	2	8	17	0	27	4.5	93%	95%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd skólaáætlinga?	0	0	2	5	19	0	26	4.3	92%	96%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd heilsuefandi hreyfisdaga?	0	0	1	4	19	3	27	4.5	96%	100%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd ársráðgjafar yngsta stigs?	0	0	1	10	15	1	27	4.5	96%	100%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd ársráðgjafar miðstigs?	0	0	1	10	15	1	27	4.5	96%	100%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd ársráðgjafar unglingastigs?	0	0	0	7	16	3	26	4.3	100%	95%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd vinnadaga?	0	0	1	7	17	2	27	4.5	96%	96%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd vorhátíð og grill?	0	1	1	6	18	0	26	4.3	92%	96%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd skólaári?	0	1	1	7	17	0	26	4.3	92%	84%
Hvert er mat þitt á eigin fagmennsku í starfi?	0	0	0	6	18	2	26	4.3	100%	100%
Hvernig metur þú samstarf kennara (m.t.t. samvinnu, gagnkvæms stuðnings, sameiginlegrar sýnar, miðunar nýrrar þekkingar, stigstjórnar o.s.frv.)?	0	0	3	7	15	0	25	4.2	88%	80%
Hvaða mat leggur þú á aðbúnað og aðstoðu mótuneytis í Varmahlíðarskóla þ.m.t. eldhúsaðstöðu, matsals nemenda og hreinlætis- og umhverfissjónarmiða?	0	0	0	6	17	4	27	4.5	100%	92%
Hvaða mat leggur þú á hollustugildi máltíða og fjölbreytni í fæðuframbóði í mótuneyti skólans?	0	0	0	4	19	3	26	4.3	100%	92%
Hvaða mat leggur þú á hvernig umhverfissjónarmið eru í heiðri höfð í skólalastarfinu (s.s. flokkun sorps, innkaup, fræðsla til nemenda og starfsfólks um umhverfisvernd)?	0	0	0	8	16	2	26	4.3	100%	96%
Hvaða mat leggur þú á framkvæmd og gagnsemi þróunarverkefna skólaársins?	0	0	0	11	13	0	24	4.0	100%	95%
Hvaða mat leggur þú á skipulag, skilvirkni og gagnsemi faghópa á skólaárinu?	0	0	2	11	13	0	26	4.3	92%	96%
Hvernig líður þér á vinnuáð?	0	1	0	5	20	1	27	4.5	96%	96%

Árleg skimun var lögð fyrir starfsfólks skólans í lok skólaársins. Skimunin er nýlega uppfærð og byggir á gæðaviðmiðum um skólastarf úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg., ásamt gæðaviðmiðum sem starfsfólk hefur búið til. Tuttugu og sjö starfsmenn svöruðu skimuninni.

Áætlun um sjálfsmat 2022-2024

Skólaár	2021-2022	2022-2023	2023-2024
Haustönn			
	2.3 Nám, kennsla og námsmat	2.3 Nám, kennsla og námsmat	2.3 Nám kennsla og námsmat
	3.1 Velferð jafnrétti og skóli án aðgreiningar/ Jafnréttisgæðagreinir	2.4 Einstaklingsmiðun	gg. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni
	3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur	2.5 Samstarf heimila og skóla (breytt heiti)	1.2 Forysta í skólastarfi
	3.3 Sköpun og starfshæfni	2.6 Samfella í skólastarfi	2.1 Nemendavernd
október	Skólapúlsinn - nemendakönnun	Skólapúlsinn - nemendakönnun	Skólapúlsinn - nemendakönnun
nóvember	Olweusarkönnun nemendur í 5.-10. bekk	Olweusarkönnun nemendur í 5.-10. bekk	Olweusarkönnun nemendur í 5.-10. bekk
desember	Nemendamat	Nemendamat	Nemendamat
Vorönn			
febrúar	Skólapúlsinn - foreldrar	Skólapúlsinn - starfsfólk	Skólapúlsinn - foreldrar
	2.7 Samstarf	2.2 Skólanámskrá	1.3 Breytingastjórnun
	Olweusargæðagreinir	1.4 Forysta og starfsmannastjórnun	1.1 Umbótamiðað sjálfsmat
	Upplýsinga- og tæknimál - gæðagreinir	Mötuneytisgæðagreinar	
maí	Árleg skimun starfsmanna	Árleg skimun starfsmanna	Árleg skimun starfsmanna
júní	Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla	Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla	Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir þá þætti sem notaðir eru í sjálfsmati skólans. Matsþáttum skv. sjálfsmatsaðferðinni **Hversu góður er grunnskólinn okkar?** er skipt niður á þrjú skólaár. Lykilþættirnir þrír úr skoska sjálfsmatsefninu eru merktir með bláum, grænum og appelsínugulum lit. Gæðagreinar sem búnir hafa verið til sérstaklega eru merktir með gulum lit. Yfirlit yfir hvenær ýmsar kannanir eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólastarf séu birtar.

Ytra mat

Eftir haustfrí fengum við heimsókn frá matsmönnum á vegum Menntamálastofnunar sem dvöldu hér í 3 daga og fylgdust með skólastarfinu. Menntamálastofnun hefur umsjón með ytra mati á leik- grunn- og framhaldsskólum fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í ytra mati felst að matsaðilar Menntamálastofnunar leggja mat á starfsemi viðkomandi skóla með hliðsjón af gildandi viðmiðum sem meðal annars byggja á lögum, reglugerðum og aðalnámskrám. Ytra mat er í samræmi við grunnskólalög og við það starfa sérþjáfaðir úttektaraðilar. Þær Hanna Hjartardóttir og Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir sáu um matið hér í skólanum. Þetta er í fyrsta skipti sem Varmahlíðarskóli fær slíka úttekt.

Í heimsókn sinni skoða matsaðilar fyrirliggjandi gögn um starfsemi skólans, fara í vettvangsheimsóknir í kennslustundir og taka viðtöl við nemendur, starfsfólk skóla og foreldra.

Skýrsla um matið liggur frammi á vef Menntamálastofnunar. Í framhaldi af matinu var unnin umbótaáætlun í skólanum og henni skilað til Menntamálastofnunar. Skýsluna og umbótaáætlun má sjá á vef stofnunarinnar.

Viðauki 1: Einkunnaskali

6	Framúrskarandi	Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði
5	Mjög gott	Afar sterkur þáttur
4	Gott	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri
3	Nægilegt	Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök
2	Slakt	Mikilvæg atriði slök
1	Ófullnægjandi	Afar slakur þáttur

Skólastarf er hægt að meta út frá margvíslegum forsendum. Við þurfum að hafa í huga að þegar við gefum okkur einkunn með gæðastöðlum erum við að nota fagþekkingu okkar fremur en tæknilega úrvinnslu. Þrátt fyrir það ættu eftirfarandi almennar leiðbeiningar ávallt að vera notaðar.

Matið **framúrskarandi** er notað að uppfylltum skilyrðum fyrir framúrskarandi árangri á tilteknu sviði þar sem skólinn er leiðandi á sínu sviði á landsvísu. Námsreynsla nemenda og árangur þeirra eru framúrskarandi. Matið **framúrskarandi** er gefið fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag og er þess verðugt að útbreiða/kynna til aðila utan skólans. Það felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður við haldið.

Matið **mjög gott** á við um þegar skólastarf einkennist af styrkleika. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að matið **mjög gott** merki mikil gæði í kennslu og starfi ættu allir að geta náð því. Það felur í sér að skólastarf geti haldið áfram án meiriháttar breytinga. Þrátt fyrir það eru þær væntingar gerðar til skólans að hann nýti hvert tækifæri til umbóta og kappkosti að verða framúrskarandi.

Matið **gott** á við um starf sem einkennist af styrkleika mikilvægra atriða sem saman vega greinilega meira en atriði sem þarf að bæta. Matið **gott** gefur vísbendingar um að þeir styrkleikar sem dregnir eru fram hafi greinilega jákvæð áhrif. Þrátt fyrir það eru gæði námsreynslu nemenda skert á einhvern hátt á atriðum þar sem umbóta er þörf. Það bendir til að skólinn ætti að leitast við að skjóta styrkari stöðum undir styrkleika samhliða því að grípa til aðgerða gagnvart þeim sviðum sem þarfnast umbóta.

Matið **nægilegt** á við um að sterk atriði rétt ná að vega meira en slök. Matið **nægilegt** gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Það greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að veikleikar séu ekki það mikilvægir að þeir hafi stöðug neikvæð áhrif þrengja þeir þó að gæðum námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Matið bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja á styrkleika sínum.

Matið **slakt** gefur til kynna að sum atriði séu sterk, en mikilvæg atriði slök. Almennt má búast við því að matið **slakt** komi fram í fjölda aðstæðna. Þrátt fyrir að sjá megi einhverja sterka þætti eru

mikilvæg atriði slök og munu annað hvort á stöku stað, eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Matið bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.

Matið **ófullnægjandi** gefur til kynna að mikilvæg atriði skólastarfs séu slök og þarfnist tafarlausra úrbóta. Námsreynsla nemenda er í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf starfsfólk, sem ber ábyrgð á starfi sem leiðir til matsins **ófullnægjandi**, á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Þetta getur falið í sér að vinna með öðru starfsfólki eða samstarfsstofnunum utan skólans sé nauðsynleg.